

Vestfirskur sjávarútvegur

– burðarás atvinnulífsins í fjórðungnum



Aukin skattheimta bitnar verst á minnstu sjávarútvegsfyrirtækjunum sem hafa lítið svigrúm.

Formaður Útvegsmanafélags Vestfjarða

Hverjum dytti í hug að endurskoða grunnskólakerfið án alls samráðs?

Einar Valur Kristjánsson, formaður Útvegsmanafélags Vestfjarða, segir að hvergi á landinu sé sjávarútvegurinn eins mikilvægur og á Vestfjörðum, tölur sýni það svart á hvítu. „Um helmingur af bein-hörðum tekjum fólks á Vestfjörðum er vegna starfa við sjávarútveg og hlutfallið hækkar verulega þegar afleiðd störf eru telin með. Sveitarfélögin og langflest fyrirtæki í fjórðungnum byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, þannig að mikilvægi greinarinnar í fjórðungnum er ótvírætt.“

Hann segir að sjávarútvegurinn hafi mátt búa við mikla óvissu um framtíðina eftir að ríkisstjórnarflokkarnir kynntu áform um uppstokkun á stjórn fiskveiða. Sú staða hafi leitt til þess að fyrirtæki hafi dregið verulega úr fjárfestingum, enda boðað að innkalla skuli veiðheimildir sem greinin sjálf hafi af langstærstum hluta keypt á almennum markaði. Vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki séu engin undantekning í þeim efnum nema síður sé.

Veðiheimildirnar eru á landsbyggðinni

„Eftir að frumvarpið leit dagsins ljós skipaði sjávarútvegsráðherra ráðgjafahóp til að fara yfir og meta áhrif frumvarpsins og skemmst er frá því að segja að hópurinn gaf því fallelkunn. Gleym-

um því ekki að um 90 % veiðheimilda eru sannarlega vistaðar á landsbyggðinni. Í skýrslu sérfræðinganna er hreinlega sagt að ef grípa eigi til varnar þeim byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja vegna fólksfækkunar sé eðlilegt að það sé gert á samfélagslegum grunni en ekki lagt á herðar einnar atvinnugreinar. Þessi orð eiga klárlega við um Vestfirði.“

Einar Valur segir að vilji ríkisstjórnin styðja við bakið á landsbyggðinni sé ekki rétta leiðin að ráðherraæða úthlutunarkerfið, eins og lagt er til í frumvarpinu. Hann bendir og á að ráðgjafahópurinn áltí frumvarpið beinlínis fjandsamlegt nýliðun í greininni.

Ekkert samráð

„Því miður ákvað ríkisstjórnin að hafa ekkert samráð við greinina sjálfa. Hverjum dytti í hug að stokka upp grunnskólakerfið án þess að hafa samráð við kennara, foreldra og fleiri? Ekki nokkrum heilvita manni. Ég undirstrika líka að það eru ekki aðeins útgerðarmenn sem hafa varað við verulega neikvæðum afleiðingum frumvarpsins. Sveitarfélög um land allt, Alþýðusambands Íslands, bankar og fjölmörg hagsmunasamtök sendu frá sér sterk viðvörunarorð. Við Vestfirðingar þekkjum vel viðbrögð einstakra þingmanna kjördæmisins, þeir eru jafnvel búsettir



Einar Valur Kristjánsson.

sumir hverjir á Vestfjörðum.“

Einar segir að vissulega hafi nokkrir stjórnarþingmenn dregið eitthvað í land og ráherra hafi skipað enn einn ráðgjafahópinn til að skrifa nýtt frumvarp.

„En eins og fyrri daginn er ekkert samráð haft við greinina, þannig að ég er ekkert of bjartsýnn. Ummæli einstakra þingmanna í stjórnarliðinu um tafarlausu uppstokkun kerfisins segja mér sömu-leiðis að ekkert er hlustað viðvörunarorðin. Ýmsir agnúar hafa verið sniðnir af kerfinu á undanförunum árum og ég hef

ekki talað fyrir óbreyttum leikreglum. Ekki er til dæmis deilt um eignarhald á auðlindinni. Ef frumvarpið verður að veruleika þurfa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að afskrifa yfir 200 milljarða króna. Það þýðir með öðrum orðum að stór hluti atvinnulífsins á Vestfjörðum fellur þá eins og spilaborg, það segir sig sjálf. Sárast er að fylgjast með þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna úr NV-kjördæmi. Ég hélt að þeir gerðu sér grein fyrir afleiðingum frumvarpsins, rétt eins og til dæmis Alþýðusamband Íslands. Svo er ekki, því miður. Viljinn til að skaða atvinnulífið stórlega með pólitískum rétttrúnaði er greinilega einbeittur.“

Mikið í húfi

„Staða sjávarútvegsins á Vestfjörðum er á margan hátt erfið. Fyrirtækin eru flest lítil og geta síður ráðið við afleiðingar efnahagshrunsins. Við búum að ríkulegri þekkingu og tækifæri til sóknar eru mörg. Aukin skattheimta mun hins vegar bitna verst á minnstu sjávarútvegsfyrirtækjunum sem hafa lítið svigrúm. Sú hætta er raunverulega fyrir hendi að skattheimtan muni gera út af við greinina. Framtíðin er björt ef menn vilja sjá ljósið. Stjórnvöld eru hins vegar föst í fortíðinni. Með útgáfu þessa blaðs er reynt að varpa ljósi á hvað er í húfi,“ segir Einar Valur.

Efla þarf áhuga ungs fólks á sjávarútvegi og gera greinina meira spennandi

Sjávarútvegsmiðstöðinni við Háskólann á Akureyri er ætlað er að styðja við þá stefnu Háskólans á Akureyri að efla tengsl atvinnulífs og skóla; styrkja gagnkvæm tengsl og rannsóknir svo og að afla og miðla þekkingar innan sjávarútvegs. Sjávarútvegsmiðstöðin leitast meðal annars við að annast gerð rannsóknaráætla, stuðla að nýsköpun og safna upplýsingum um sjávarútveg í gagnagrunn sem nýtist rannsóknnum. Hreiðar Þór Valtýsson forstöðumaður, Bjarni Eiríksson og Jón Ingi Björnsson sjávarútvegsfræðingar hafa því eðlilega velt fyrir sér stöðu sjávarútvegs á Vestfirðum. Hreiðar Þór segir að Vestfirðingar hafi á margan hátt staðið sig vel í fiskeldi.

„Þegar maður lítur á sjávarútveginn fyrir vestan dettur manni fyrst í hug nálægðin við fiskimiðin, nálægðin er hins vegar ekki eins mikilvæg og áður, skipin eru öflugri og samgöngur hafa batnað, nema kannski á Vestfirðunum sjálfum. Tengsl veiðisvæða, löndunarhafnar, vinnslustaðar og hvar kvótinn er svo skráður hafa líka rofnað þannig að nálægð við fiskimið er ekki sú auðlind sem var. Veiðarnar sjálfar eru heldur ekki nema hluti af því ferli sem sjávarútvegurinn er. Þetta snýst jú allt á endanum um að búa til einhverja afurð og reyna að selja á sem



Jón Ingi Björnsson, Bjarni Eiríksson og Hreiðar Þór Valtýsson.

hæstu verð. Kerecis er gott dæmi um nýsköpun af þessu tagi fyrir vestan, en það fyrirtæki tengist á sterkan hátt sjávarútvegi. „Það sem Vestfirðingar hafa líka

umfram aðra landshluta er frekar hlýr sjór í fjörðum, aðstæður fyrir fiskeldi eru þess vegna víða góðar. Fiskeldi hefur eiginlega alltaf gengið erfiðlega á Íslandi,

en Vestfirðingar hafa sýnt þrautseigju og eru á vissan hátt í fararbroddi í þessari grein sjávarútvegs. Þeir fá sem sagt prik hjá mér fyrir að þraka.

Jón Ingi bendir á að nauðsynlegt sé að ungt vel menntað fólk vilji búa og starfa á svæðinu.

„Það þarf að efla áhuga ungs fólks á atvinnugreininni, gera greinina meira spennandi. Ekki er nóg að fjölga frumstæðum störfum, slíkt leysir örugglega ekki vanda Vestfjarða. Starfsemi fyrirtækis á borð við 3X Technology á Ísafirði er ágætt dæmi um fyrirtæki sem þarf vel menntað starfsfólk, fyrirtæki sem byggir afkomu sína og starfsemi á matvælaíðnaði. Tilkoma Háskólasetus Vestfjarða er jákvætt skref í þessum efnum, starfsemin mun örugglega verða til þess að ungt fólk ákveður í framtíðinni að búa og starfa fyrir vestan.“

Bjarni segir að rannsóknir sýni að starfsemi sjávarútvegsfyrirtæka hafi tekið miklum breytingum á fáeinum árum.

„Á árum áður snérist lífið um að veiða og það sem mest. Í dag eru fyrirtækin hins vegar markaðsdrifin sem þjónusta erlenda viðskiptavini og reyna að hámarka verðin fyrir afurðirnar. Slíkt kallar á þannig kröfur að við eigum að flokka sjávarútveginn sem þekkingariðnað en ekki verksmiðjuframleiðslu þetta á ekki aðeins við um stærri fyrirtæki.

Þessi þróun hefur líka átt sér stað meðal smærri sérhæfra fyrirtækja. Lykilatriðið í dag er að auka verðmætin eins og kostur er. En það verður að vera í samstarfi við alla aðila sem koma að virðisdeðjunni. Sú upptalning getur verið ansi löng. Allir þurfa að hafa þetta í huga, þegar þeir horfa til framtíðar.“

Formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga

Óvissunni verður að eyða

Félagar í Verkalýðsfélagi Vestfirðinga eru um 1500, félagssvæðið er allir Vestfirðir að Hrítafirði og Bolungarvík undanskildum. Finnbogi Sveinbjörnsson formaður segir að liðlega helmingur félagsmanna byggji afkomu sína á sjávarútvegi með beinum hætti. Hlutfallið hækki enn frekar séu svokölluð afleidd störf talin með.

„Það er engin spurning, sjávarútvegurinn er hornsteinn atvinnulífsins hérna fyrir vestan og þetta hlutfall hefur haldist svipað undanfarin ár. Samdráttur í greininni hefði því strax neikvæð áhrif á allt mann- og atvinnulíf. Sóknarfærin í atvinnulífinu eru



Finnbogi Sveinbjörnsson.

að mínu viti að mestu í sjávarútvegi, þá nefni ég sérstaklega aukna fullvinnslu afurða. Ýmsar hindranir eru vissulega í veginum, svo sem flutningskostnaður og háir útflutningtollar á hrávöru. Margt jákvætt hefur litið dagsins ljós svo sem aukin þörgungavinnsla bláskeljarækt, framleiðsla lækningavara, stóraukið fiskeldi og betri nýting aukaafurða sjávarfangs.“

Hann segir að nálægðin við fiskimiðin veiti vestfirsku atvinnulífi vissst forskot.

„Hér er góð verkþekking til staðar í sjávarútvegi og henni verður að viðhalda með öllum tiltækum ráðum. Við þurfum að leggja meira af þeim fjármunum sem auðlindin skapar okkur í að viðhalda tækjum og þekkingu, því ef þekkingin

hverfur af svæðinu er næsta víst að erfitt verður að byggja upp fjölþættara atvinnulíf. Sjávarútvegurinn hér á landi er ágætlega tæknivæddur og við megum heldur ekki gleyma því að greinin á í harðri samkeppni á alþjóðlegum mörkuðum, því er nauðsynlegt að umhverfið allt sé samkeppnisfært.“

Nauðsynlegt að sátt skapist um framtíð sjávarútvegsins

„Auðvitað höfum við áhyggjur af ósissunni sem ríkt hefur í greininni, henni verður að eyða og það sem allra fyrst. Nóg er komið af karpi fram og til baka. Hagsmunir Vestfirðinga eru sannarlega ríkir í þessum efnum, hátt hlutfall íbúa á Vestfirðum hefur tekjur af sjávarútvegi er skýrasta dæmið. Ég vona bara að breytingar í fiskveiðistjórnun verði ekki keyrðar áfram af of miklu kappi. Í svona stóru máli er nauðsynlegt að reikna dæmið til enda, þar er áriðandi að allir hagsmunaaðilar verði kallaðir að borðinu þannig að sátt náist,“ segir Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Vestfirskur sjávarútvegur

–burðarás atvinnulífsins í fjörðungnum

Útgefandi:

Útvegsmannafélag Vestfjarða

Ritstjóri: Karl Eskil Pálsson.

Netfang: karlesp@simnet.is

Umbrot og prentun: H-prent

Ljósmyndir: Bæjarins besta

Upplag: 3000 eintök

Blaðið er fylgirit BB. Þeir sem ekki eru áskrifendur fá blaðið sent í pósti

Auknar álögur geta hæglega gert út af við greinina

„Greining á vestfirsku atvinnulífi leiðir í ljós að vægi sjávarútvegsins í fjórðungnum er rúmlega 50 % ef miðað er við tekjur einstakra atvinnugreina. Þar á eftir koma sveitarfélögin, þar er hlutfallið um fimmtingur,“ segir Neil Shiran K. Þórisson hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Gögnin byggjast á skattframtölum fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga, svo og Ríkisreikningi.

„Þessar tölur sýna að Vestfirðingar standa og falla með sjávarútvegi, það er

alveg ljóst. Það ætti því að vera kappsmál okkar að hlúa að atvinnugreininni eins vel og við getum og vernda hana. Ef sjávarútvegurinn nær ekki að vaxa og dafna er hætt á enn frekari fólksfækkun á Vestfirðum, hagsmunirnir eru því gríðarlegir.“

Shiran segir að sjávarútvegurinn sé sú grein sem skili mestri EBITA, eða hagnaði fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir.

„Afkoman er hins vegar neikvæð og rauðu ljósin blikka þegar horft er á sam-

hengi eigna og skulda. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til bankahrunsins og ég spyr mig hvort fyrirtækin komi til með að ráða við stökkbreytinguna sem varð í kjölfar hrunsins. Það sem sker vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki frá sambærilegum fyrirtækjum í öðrum landslutum er að þau vestfirsku geta í mjög takmörkuðu mæli gert út á uppsjávarfisk, mokað upp peningum eins og einhver komst að orði. Fjarlægðin frá helstu mörkuðum gerir greininni líka erfitt fyrir. Auknar álögur



Neil Shiran K. Þórisson.

geta hæglega gert út af við greinina. Í umræðunni um sókn þarf að huga að vörn, hverng verja skuli hagsmuni Vestfirðinga og atvinnulífið í fjórðungnum fyrir frekari áföllum.“

Tekjur	Vægi					Próun 2005-2009	
	2005	2006	2007	2008	2009		
Sjávarútvegur (veiðar, vinnsla og eldi)	18.123	28.990	19.660	21.943	23.900	53%	32%
Önnur framleiðsla	3.544	3.509	2.592	2.086	2.297	5%	-35%
Byggingastarfsemi	2.769	3.047	4.092	3.642	3.266	7%	18%
Verslun og þjónusta	6.148	5.231	4.946	4.651	4.250	9%	-31%
Fjármála og váttryggingastarfsemi	1.473	2.275	2.708	604	216	0%	-85%
Gististaðir og veitingarekstur	827	922	997	941	1.205	3%	46%
Veitur (raforka, hiti, gas osfrv.)	1.505	1.462	1.543	1.548	1.737	4%	15%
Sveitarfélög og opinberar stofnanir	5.812	6.500	7.390	8.069	8.151	18%	40%
Vestfirðir heild	38.971	51.936	43.927	43.485	45.023		16%

Heimild: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Lilja Sigurðardóttir

Stundar nám í sjávarútvegsfræðum í heimabyggð

Lilja Sigurðardóttir á Patreksfirði hóf í haust nám við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri. Hún stundar námið í heimabyggð, þar sem fjarkennsla er ríkur þáttur í starfsemi sjávarútvegsdeildarinnar. Annar íbúi á Patreksfirði stundar nám í sjávarútvegsfræðum, Davíð Jónsson, hann er á

öðru námsári og stundar námið sömuleiðis í heimabyggð. Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á þriggja ára nám í sjávarútvegsfræði til B.S.-gráðu. Að námi loknu getur nemandi kallað sig sjávarútvegsfræðing.

„Ég er flutt heim aftur og ætla mér að



Lilja Sigurðardóttir.

vera hérna á Patreksfirði í framtíðinni. Fjarkennsluferfið er mjög þróað, þannig í rauninni er lítið mál að stunda háskólanámið hérna fyrir vestan. Sjávarútvegurinn hefur alltaf heillað mig og þegar ég ákvað að fara í háskólanám kynnti ég mér sjávarútvegsdeildina fyrir norðan og ákvað að láta slag standa.

Spennandi nám

„Já, kosturinn við þetta nám er að maður getur farið í ýmsar áttir, enda námið þverfaglegt. Fiskeldi er farið að vekja áhuga hjá mér, enda miklir möguleikar á því sviði á Vestfirðum. Það er hægt að ljúka náminu á þremur árum ef maður heldur sig vel við efnið, við sjáum bara til hvernig þessi vinna þróast, en ég stefni sem sagt að því að verða sjávarútvegsfræðingur,“ segir Lilja Sigurðardóttir á Patreksfirði.

Makrillinn skilaði 175 milljóna innspýtingu í samfélagið

Makríl- og síldveiðar skipa Hraðfrystihússins Gunnvarar í sumar skiluðu 175 milljóna króna innspýtingu í samfélagið fyrir vestan í formi launa og tengdra gjalda í sumar. Sveitarfélögin fengu svo að sjálfsögðu sína sneið af kökunni í formi skatttekna og gjalda.

Heildar makríl- og síldveiði þriggja skipa félagsins nam 2.273 lestum og má áætla að verðmæti aflans hafi verið liðlega 400 milljónir króna. Júlíus Geirmundsson veiddi meginþorra þessa afla og án þessara veiða hefði orðið að stöðva útgerð skipsins í fyrsta skipti vegna skorts á aflaheimildum. Nánast allur afli Páls Pálssonar og Stefnis fór til vinnslu

í fiskverkun H-G í Íshúsfélagshúsinu. Þessi vinnsla skapaði starfsfólki svo og skólafólki umtalsverða vinnu, en vel á fimmta hundrað tonn af makríl og síld voru unnin á vöktum í húsinu.

Sértækur auðlindaskattur á makrílveiðar, sem hugmyndir hafa komið fram um nýverið er hærra en sem nemur framlegð útgerða af veiðunum segir Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ:

„Þessar hugmyndir jafnast á við það að ríkið hirði ekki bara öll laun launþegans heldur gott betur. Þó að það sé gaman í vinnunni og að stunda makrílveiðar þá er í hvorugu tilfellingunni vænlegt að borga með sér.“

Sóknarfæri Vestfirðinga eru í fiskeldi

„Samvinna 3X Technology og vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja hefur verið farsæl frá stofnun fyrirtækisins og þessi samvinna er okkur mikils virði,“ segir Karl K. Ásgeirsson rekstrarstjóri 3X Technology á Ísafirði. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, stór hluti framleiðslunnar fer til erlendra viðskiptavina.

„Staða vestfirskra sjávarútvegsfyrirtækja er á ýmsan hátt erfið, fjarlægð frá útflutningshöfn er ansi mikil, þá á ég ekki eingöngu við Reykjavíkurhöfn heldur einnig Keflavíkurflugvöll. Í dag skiptir miklu máli að afhenda kaupanda vöruna sem ferskasta og fjarlægðin frá flugvellinum setur auðvitað strik í reikninginn hjá vestfirskum fyrirtækjum. Þú spyrð um sóknarfærin í framtíðinni á Vestfjörðum, þá nefni ég sérstaklega bæði þorsk og laxeldi. Hér er mikil þekking til staðar og við eigum að byggja á henni. Ég efast um að hefðbundnar veiðar aukist mikið á næstu árum og því er rökrétt að huga sérstaklega að öðrum þáttum atvinnulífsins eins og fiskeldi.“

Karl segir að 3X Technology hafi á undanförunum árum leitað verkefna í

fjarlægum löndum, til dæmis í Asíu. Verkefnastaðan sé ágæt um þessar mundir.

„Við höfum ásamt Marel nýverið skrifað undir samning við kínverskt fiskvinnslufyrirtæki um að setja upp vinnsluferfi fyrir hvítfisk. Kerfið spannar meðal annars uppþíðingu, meðhöndlun fiskikerja, kælingu, flokkun, innmötun og snyrtingu. Þetta nýja kerfi uppfyllir allar ströngustu kröfur um gæðæftirlit og rekjanleika. Tælendingar kaupa af okkur vélbúnað í tengslum við vinnslu á hlýsjávarrækju, þannig að Asíumarkaður er orðinn okkur nokkuð mikilvægur. Ef við lítum okkur nær, þá höfum við nýverið afhent norsku laxeldisfyrirtæki mjög svo fullkominn kælitank. Þetta er eitt fremsta fyrirtækið á Noregi á sviði laxeldis, þannig að við getum vel við unað að þetta fyrirtæki kjósi að eiga viðskipti við okkur.“

Jákvætt umhverfi á Vestfjörðum

Kosturinn við að reka fyrirtækið á Vestfjörðum er sá að hérna er á margan hátt hagstætt að þróa nýjar afurðir, sjávarút-



Karl K. Ásgeirsson rekstrarstjóri.

vegsfyrirtæki eru nánast á hverju strái og öll eru þau mjög svo samvinnufús. Fyrir það erum við þakklát. Við byggjum á traustu og vel menntuðu starfsfólki, mann-

auðurinn er klárlega okkar helsta tromp í harðri alþjóðlegri samkeppni,“ segir Karl K. Ásgeirsson rekstrarstjóri 3X Technology á Ísafirði.

Bæjarstjórinn í Bolungarvík

Þræðir atvinnulífsins liggja um höfnina

„Vægi sjávarútvegisins hefur aukist ár frá ári hér í Bolungarvík, það er bara svo einfalt. Tölur um landaðan afla sýna það svart á hvítu, aukningin á undanförunum árum er um þriðjungur og það munar um minna,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri í Bolungarvík.

„Útgerðarmynstrið hefur breyst mikið á nokkrum árum og staðan í dag er sú að hérna eru starfræktar öflugustu smábátaútgerðir landsins. Hérna eru reknir öflugir fiskmarkaðir og öll þjónusta við greinina verður að teljast mjög góð. Það er í raun sama hvar borið er niður í atvinnulífinu, nánast öll fyrirtæki bæjarins tengjast sjávarútvegi á einn eða annan hátt. Við missum þó of mikinn afla frá okkur óunninn til annarra landshluta, því viljum við gjarnan breyta og auka hér enn við vinnslu.“



Elías Jónatansson.



Frá höfninni í Bolungarvík.

Bolungarvík, reyndar bæði í bolfiski og rækjuvinnslu.

Hér er mikil þekking til staðar og hana eigum við að nýta. Sprotafyrirtæki hafa verið sett á laggirnar á Vestfjörðum, svo sem í fiskeldi, sem nú fer vaxandi. Ég sé fyrir mér að ýmis starfsemi sem tengist fiskeldi eigi eftir að aukast á svæðinu í framtíðinni, matvælavinnsla verður æ mikilvægari með hverju árinu sem líður og við eigum að byggja á þeirri staðreynd. Við búum við hliðina á matarkistunni, þannig að það segir sig sjálf að hér eru tækifæri til atvinnusköpunar.“

Sóknarfærin

„Allir þræðir atvinnulífsins liggja um höfnina og sóknarfærin eru klárlega á sviði sjávarútvegs og matvælavinnslu á komandi árum. Ég tel afar mikilvægt að náði samband sé á milli veiða, vinnslu og markaðssetningar á erlendum mörkuðum. Boðleiðirnar frá markaðnum til sjómannsins þurfa að vera stuttar og skilvirkar. Þannig er hægt að tryggja gæðin og hæsta verðið fyrir vöruna. Við höfum mikla möguleika til að auka landvinnslu í

Ópolandi óvissa

„Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða hefur kallað á hörð átök en við getum ekki búið við óvissuna lengur. Sjávarútvegurinn er okkar mikilvægasta atvinnugrein og það er auðvitað ópolandi fyrir alla að greinin sé hreinlega í lausu lofti ár eftir ár, svo ekki sé talað um íbúa sveitarfélaga sem byggja nánast alla sína afkomu á sjávarútvegi. Niðurstaða endurskoðunarinnar þarf þó að vera á þann veg að hún skapi ekki meiri vandamál en henni er ætlað að leysa.“

Miklir möguleikar á nýtingu sjávarfangs á Vestfjörðum

Starfsemi Kerecis á Ísafirði hófst árið 2009 með tilraunaframleiðslu á húðlækninga- og ígræðsluefnum úr þorskroði til notkunar í klínískum prófunum fyrirtækisins. Prófunum á fyrstu vörum fyrirtækisins lauk fyrir á þessum ári með góðum árangri. Í kjölfar jákvæðra prófunarniðurstaðna á vörnum var sérhannað framleiðslurými innréttað á Ísafirði sem er hið eina sinnar tegundar á Íslandi og uppfyllir m.a. „GMP“ kröfur Bandaríska matvæla- og lyfjæftirlitsins og Evrópusambandsins. Dóra Hlín Gísladóttir þróunar- og framleiðslustjóri segir að í þessum mánuði hafi fyrsta framleiðslan sem ætluð er til sölu litið dagsins ljós.

„Um er að ræða tvær tegundir af kremum, sem framleiddar eru undir heitinu MariCell. Þetta eru krem sem ætluð eru til meðhöndlunar á ofurþurrum- og sprungnum fótum og svo rakakrem fyrir húð með einkenni psoriasis. Síðar í vetur kemur svo á markað krem sem ætlað er fólki með exem. Án efa bætast svo fleiri tegundir við í framtíðinni. Kremin verða í upphafi seld hjá fótaaðgerðafræðingum, hjá Lyfju og í völdum apótekum víðsvegar

um landið. Sala á erlendum mörkuðum hefst svo væntlega í byrjun næsta árs.“

Kerecis hefur undanfarin ár einnig unnið að þróun sérstaks sárastoðefnis til meðhöndlunar á sköðuðum vef. Varan heitir MariGen og er um að ræða tvær tegundir; MariGen Wound fyrir þrálát sár og MariGen Surgical sem er ígræðsluefni fyrir kviðslitsaðgerðir. Stefnt er að sala á MariGen Wound hefjist í Evrópu á næsta ári og með haustinu í Bandaríkjunum. Hráefnið í lækningavörur Kerecis er aðallega roð af eldisþorski frá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru, sem meðhöndlað er af Klofningi og gert hæft til frekari framleiðslu..

„Við viljum nota eldisþorsk, það er val en ekki nauðsyn. Með því að nota slíkt hráefni verður allur rekjanleiki einfaldari svo dæmi sé tekið, slíkt hjálpar mikið til við alla vottun sem er nauðsynleg. Samstarfið við Hraðfrystihúsið Gunnvöru og Klofning hefur verið afar ánægjulegt ég er sannfærð um starfsemi Kerecis á Ísafirði á eftir að verða farsæl fyrir hluthafa og bæjarfélagið.“

Starfsmenn Kerecis á Ísafirði eru í dag fjórir og verður þeim fjölgað á næstunni.



Dóra Hlín Gísladóttir, þróunar- og framleiðslustjóri.

Þegar fram líða stundir eru bundnar vonir við að starfsmenn verði um um fimmtán.

Miklir möguleikar

„Fyrir vestan er víðtæk þekking á sviði sjávarútvegs og úrvinnslu hráefnis, þannig

að í mínum huga eru miklir möguleikar á frekari nýtingu sjávarfangs. Ég hvet því Vestfirðinga til að huga sérstaklega að enn frekari nýtingu. Kerecis er gott dæmi um hvernig hægt er að nýta sjávarafurðir, með verksmiðjunni skapast ný störf fyrir bæði faglærða og ófaglærða starfsmenn.“

Vélsmiðjan Pristur

Áratuga farsælt samstarf við sjávarútvegsfyrirtæki

„Sjávarútvegsfyrirtækin á svæðinu eru stærstu viðskiptavinir okkar, sem betur fer leggja forsvarsmenn fyrirtækjanna áherslu á að skipta helst við heimaaðila, sé þess nokkur kostur,“ segir Óli R. Ingimarsson sem rekur Vélsmiðjuna Prist á Ísafirði. Fyrirtækið starfrækir einnig tvær verslanir í bænum, önnur sérhæfir sig í vélum og verkfærum en í hinni er lögd áhersla á stór og smá heimilistæki, ásamt miklu úrvali af gjafavöru. Óli segir að starfsmenn í vélsmiðju séu fjórir, en hjá fyrirtækinu starfi alls tíu manns.

„Smíðjan er nokkuð vel tækjum búin, við sinnum allri almennri stálsmiði og áhersla er lögd á þjónustu við fiskvinnsluna og flotann hérna á svæðinu. Samvinnan við sjávarútvegsfyrirtækin hefur verið farsæl alla áratugin sem ég hef verið í þessari grein, enda mikilvægt að öflug málmíðnaðarfyrirtæki séu starfandi á staðnum. Auðvitað þurfum við að geta boðið sambærilegt verð og aðrar smíðjur

á landinu og sú hefur verið raunin hingað til.“

Óli segir að útgerðarfyrirtækin hugsi almennt vel um tækjabúnað sinn. Þegar talið berst að framtíð sjávarútvegs á Vestfjörðum stendur ekki á svari hjá Óla.

„Það er bara að fá að veiða bolfisk, það nánast segir sig sjálft vegna nálægðarinnar við fiskimiðin. Svo er búið að heimilærkjuveiðar á nýjan leik sem er auðvitað hið besta mál. Það eru svo aðrir sem segja hversu mikið má veiða, það er allt annað og flóknara mál. Sjávarútvegurinn verður án efa helsta atvinnugreinin hérna fyrir vestan og við eigum að nýta öll soknarfæri sem gefast.“

Helstu baráttumál okkar Vestfirðinga eru, að samtengja norður og suður sýsluna og að gera þetta að einu atvinnusvæði allt árið. Þekkingin er fyrir hendi á flestum sviðum, en það þarf nauðsynlega að skapa sátt um þessa mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.“



Hjónin Bjarney Guðmundsdóttir og Óli R. Ingimarsson eigendur Prists.

Hrun efnahagslífsins verður ekki rakið til Vestfjarða

Oddi á Patreksfirði gegnir lykilhlutverki í atvinnulífinu á sunnanverðum Vestfjörðum. Oddi starfrækir bolfiskvinnslu og gerir út tvo báta, auk þess sem tveir til viðbótar sjá vinnslunni fyrir hráefni. Starfsmenn Odda eru um 70. Sigurður Viggósson framkvæmdastjóri segir að velta þessa árs verði yfir 1,6 milljarðar króna.

„Reksturinn gengur ágætlega, þrátt fyrir erfiða samkeppnisstöðu á ýmsum sviðum. Ég nefni þar helst slæmar samgöngur og fjarlægð frá mörkuðum. Bankahrunið setti vissulega stórt strík í reikninginn hjá okkur eins og öðrum, tekjurnar hafa ekki hækkað í samræmi við skuldir. Veðiheimildir Odda eru samtals um 2.400 þorskígildistonn, hvert einasta tonn höfum við keypt á almennum markaði með tilheyrandi lán-tökum. Okkar stefna hefur verið að kaupa þær heimildir sem boðnar hafa verið til sölu í byggðarlaginu og það hefur tekist að mestu. Þessi stefna var mörkuð til að verja stöðu sjávarútvegsins og atvinnu í byggðarlaginu, enda mikilvægt að verja það sem fyrir er.“

Landsbyggðin/ höfuðborgarsvæðið



„Ég satt best að segja skil ekki hvernig ríkisstjórnarflokkunum dettur í hug að innkalla veðiheimildirnar og útteila þeim til annarra. Allar umsagnir um frumvarp sjávarútvegsráðherra um stjórnun fiskveiða eru á sama veg, varað er stórlega við neikvæðum afleiðingum. Veðiheimildirnar eru vistaðar á landsbyggðinni og í mínum huga á nú að láta landsbyggðina

borga óreiðuskuldir sem að mestu var stofnað til á höfuðborgarsvæðinu. Svo mikið veit ég að hrun efnahagslífsins verður ekki rakið til Vestfjarða.

Skattar og álögur

Að sjálfsögðu er eðlilegt að greinin

greiði sanngjarnt auðlindagjald fyrir veiðiréttinn, um það er ekki deilt. En þessar óhemju skattahækkanir á öllum þáttum rekstrar til ríkisins eru komnar út yfir öll mörk og má þar nefna að á undanföllum árum hefur svokallað veiðigjald verið lagt á fyrirtækið í auknum mæli. Á þessu ári er allur kostnaður vegna viðhalds skipa félagsins viðlíka hár og þessi auðlinda-skattur. Síðan er verið að boða tvöföldun skattsins á næsta ári og það sjá allir að svona gengur ekki. Umræðu um góða afkomu í sjávarútvegi má fyrst og fremst rekja til uppsjávarvinnslu, en ekki til hefðbundinnar bolfiskvinnslu, þar er ekkert borð fyrir báru núna.“

Framtíðin

„Mikil þekking á veiðum og vinnslu er til staðar á Vestfjörðum, við erum stutt frá fengsælum fiskimiðum og hafið er ómengað. Við eigum að halda áfram að framleiða gæðavöru, matvælavinnsla verður sífellt mikilvægari með árunum. Ganga verður frá framtíðarskipan fiskveiða, þannig að fyrirtækin og fólk geti horft til framtíðar. Það gengur ekki að stjórnmalaflokkarnir komi á fjögurra ára fresti með nýjar tillögur í þessum efnunum,“ segir Sigurður.

Framkvæmdastjóri Klofnings

Lítum á hráefnið sem verðmæti en ekki úrgang

„Við fáum til okkar tíu til tólf þúsund tonn af aukaafurðum úr fiski á ári frá sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum. Við rekum starfsstöðvar á Suðureyri, Ísafirði, Tálknafirði og Brjánslæk, starfsmenn eru um 30 og reksturinn gengur ágætlega,“ segir Guðni Einarsson framkvæmdastjóri Klofnings.

Fyrirtækið þurrkar hausa, bein og afskurð fyrir Nígeríumarkað, marningsvinnsla er umtalsverð og sömuleiðis framleiðsla á loðdýrafóðri.

„Við eigum fyrirtækið ArcTract ehf sem er að þróa bragðefni út fiski fyrir matvæla-iðnaðinn. Þá á Klofningur hlut í sprotafyrirtækinu Kerecis og Vestfisk ehf sem framleiðir harðfisk.“

„Fimm sjávarútvegsfyrirtæki eiga hluti

í Klofningi auk einstaklinga. Þessi fyrirtæki sjá okkur fyrir megninu af hráefninu. Áður en Klofningur var settur á laggirnar var búið til fiskimjöl úr þessum aukaafurðum. Með starfsemi Klofnings næst að framleiða afurðir sem eru mun verðmætari og skapa auk þess talsverða atvinnu. Klofningur gegnir til dæmis mikilvægu hlutverki á Suðureyri, enda má segja að hjarta fyrirtækisins sé þar.“

Guðni segir að Klofningur verji árlega talsverðum fjármunum til rannsóknar- og þróunarmála.

„Fyrirtækið hefur leitast við að vinna frumkvöðlastarf í nýtingu og markaðssetningu aukaafurða úr sjávarfangi og við munum klárlega halda áfram á þeirri braut, meðal annars í samvinnu við Matís. Sem



Suðureyri. Ljós: © Mats Wibe Lund.

dæmi get ég nefnt rannsóknarverkefni sem unnið var í samvinnu við aðra um nýtingu á slógi til framleiðslu á próteini og olíu með notkun ensíma. Við lítum ekki á hráefnið sem nánast verðlausan

úrgang, heldur verðmæti. Möguleikarnir á frekari nýtingu aukaafurða úr sjávarfangi eru klárlega fyrir hendi, það sýnir þróunin á undanföllum árum. Stofnun Klofnings á sínum tíma var sannarlega framfaraskref.“